

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 205/1993 um undanþágu frá notkun hlífðarhjálms.

#### 1. gr.

Aftan við 1. gr. bætist 1. gr. a. sem orðast svo:

Ökumanni og farþega bifhjóls er ekki skylt að nota hlífðarhjálms ef bifhjólið er búið öryggisbelti og er jafnframt yfirbyggt.

#### 2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 1. mgr. 60. gr. og 4. mgr. 72. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. lög nr. 44/1993, og öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 6. júlí 2015.*

**Ólöf Nordal.**

\_\_\_\_\_  
*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 7. júlí 2015